

Engar myndir?  
Smelltu hér til að sjá þær



GÓÐVINIR  
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

## Ávarp formanns



Nú er enn einu starfsári Góðvina Háskólans á Akureyri að ljúka og komið að aðalfundi, sem haldinn verður með rafrænum hætti fimmtudaginn 18. nóvember kl. 16:15. Covid-faraldurinn hefur skilið eftir spor sín í starfi Góðvina, líkt og annars staðar í þjóðfélaginu. Afhending viðurkenninga Góðvina fór t.d. fram með rafrænum hætti vorið 2020 og endurfundir eldri árganga HA voru síðast haldnir vorið 2019. Það er einlæg von mín að bráðum komi betri tíð hvað þetta varðar þannig að

Starf Góðvina byggist á framlögum velunnara félagsins í [formi félagsaðildar](#) og beinna framlaga. Ég vil þakka kærlega fyrir þann stuðning og biðla til alls þess góða fólks sem ber hag HA fyrir brjósti að slást í lið með Góðvinum þannig að þeir geti haldið áfram öflugu starfi.

Ég hef gegnt hlutverki formanns Góðvina HA frá hausti 2018 og ætla nú að láta gott heita. Um leið og ég þakka öllum, sem komu að starfinu með einum eða öðrum hætti fyrir samstarfið vil ég óska því öfluga fólki sem nú tekur við keflinu velfarnaðar í störfum sínum. Megi Góðvinir Háskólans á Akureyri eflast og dafna.

**Kær kveðja, Einar A. Brynjólfsson, fráfarandi formaður Góðvina**

## Óvenjuleg Háskólahátíð

**534 kandídatar brautskráðust af þremur fræðasviðum Háskólans á Akureyri 2021. Þetta var stærsti útskriftarárgangur háskólans frá upphafi.**



Í skugga samkomutakmarkana var tekin ákvörðun um að skipta athöfnunum í þrennt: Föstudaginn 11. júní voru brautskráðir kandídatar af framhaldsnámsstigi og laugardaginn 12. júní voru kandídatar í grunnnámi brautskráðir í tveimur athöfnum. Í þeirri fyrri voru brautskráðir kandídatar af Heilbrigðisvísindasviði og Viðskipta- og raunvísindasviði og seinnipartinn voru brautskráðir kandídatar af Hug- og félagsvísindasviði.



Vegna aðstæðna var ekki hægt að taka á móti gestum og var athöfnum því streymt á Facebook og YouTube-rás háskólans. Kandiðatar voru sammála um það var mikið gleðiefni að geta komið á staðinn og haldið Háskólahátíð með nokkuð hefðbundnum hætti.



Heiðursgestur Háskólahátíðar var Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari. Hún flutti einlægt erindi þar sem hún hvatti kandiðata til að setja markið hátt og stefna að því að vera glöð í vinnunni. „Ég lít á það sem mikil forréttindi að gera

með daginn kom hún að mikilvægi þess að geta skilið á milli vinnu og einkalífs. „Því það er nú einu sinni þannig að störf koma og fara en fjölskyldan, vinir og heilsan okkar er eitthvað sem við viljum halda í.“

## Heiðursverðlaun Góðvina 2021

Alls brautskráðust 534 kandídatar af þremur fræðasviðum og er þetta stærsti útskriftarárgangur háskólans frá upphafi. Í 17. skipti veittu Góðvinir Háskólans á Akureyri viðurkenningar til kandiata sem sýnt hafa góðan námsárangur og óeigingjarnt starf í þágu háskólans á meðan námstíma stóð. Fimm kandídatar hlutu heiðursverðlaun Góðvina að þessu sinni.

### Viðurkenningarnar hlutu:

- Heiða Björg Guðjónsdóttir, framhaldsnámi
- Pórey Erla Erlingsdóttir, Heilbrigðisvísindasviði
- Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir, Viðskipta- og raunvísindasviði
- Daníel Gunnarsson og Steinunn Alda Gunnarsdóttir, Hug- og félagsvísindasviði



Efst til vinstri: Heiða Björg Guðjónsdóttir, Pórey Erla Erlingsdóttir, Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir, Daníel Gunnarsson og Steinunn Alda Gunnarsdóttir.

## Þekkið þið Vísindafólkið okkar?

Vikublaðinu og síðan er nánari kynning á Instagram síðu HA.

Ekki missa af þessu fína fólki og fylgið HA á samfélagsmiðlum:



## Aðalfundur Góðvina



Aðalfundur Góðvina fyrir starfsárið 2020 fer fram rafrænt fimmtudaginn 18. nóvember kl. 16:15. Allir áhugasamir — fyrrverandi nemendur HA sérstaklega - eru hvattir til að fylgjast með fundinum og því sem framundan er hjá félaginu.

[Smellið hér til þess að tengjast rafræna fundinum](#)

## Fagnám til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða

Á haustmisseri 2021 var boðið upp á nýja námsleið við Háskólann á Akureyri fyrir starfandi sjúkraliða. Um er að ræða viðbótarnám fyrir útskrifaða og starfandi sjúkraliða á grunnstigi háskólanáms.

Fyrsta sérhæfing námsbrautarinnar sem hefur verið unnið að, er á kjörsviði öldrunar- og heimahjúkrunar. Einungis 20 nemendur voru teknir inn í námið en 86 umsóknir bárust. Í framhaldinu er svo áætlað að bjóða uppá annað kjörsvið innan námsbrautarinnar, í samfélagsgeðhjúkrun, vonandi haustið 2022 (námslýsing þeirrar sérhæfingar og námskeiðslýsingar verða unnar vor 2021).

hjá forsvarsmönnum Sjúkraliðafélagsins og í samfélaginu fyrir náminu,“ segir Hafdís Skúladóttir, brautarstjóri Fagnáms sjúkraliða.

### Efla sjálfstæði sjúkraliða

Um er að ræða 60ECTS eininga sveigjanlegt nám sem dreift er á tvö ár og er því gert ráð fyrir að samhliða náminu séu nemendur í sjúkraliðastöðum innan öldrunar- og heimahjúkrunar. Áherslan í náminu er á viðbótar klíníska færni, styrkingu fagmennsku auk aukinnar samskipta, fræðslu og stjórnunarhæfni. Meginmarkmið kjörsviðs öldrunar- og heimahjúkrunar er að byggja ofan á þekkingargrunn og færni sjúkraliða í uppfyllingu líkamlegra, andlegra og félagslegra þarfa aldraða einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Þar að auki er áhersla á eflingu sjálfstæðis sjúkraliða við greiningar, mat, skipulag og eftirfylgni með meðferð og gæðum þjónustu fyrir aldraða. Tilgangurinn er að mennta sjúkraliða til fjölpættra starfa innan heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða s.s. á hjúkrunarheimilum og við heimahjúkrun og víkka starfsmöguleika þeirra innan sem utan heilbrigðiskerfisins.

---

## Gullnæla Góðvina til sölu í vefverslun HA

Til fjáröflunar er Gullnæla Góðvina til sölu í [vefverslun HA](#). Nælan er 30 x 15 mm með segli og einstaklega smekklegr og stílhrein. Við hvetjum alla félagsmenn Góðvina til að næla sér í næluna og bera við hátíðleg tækifæri.



Kaupa nælu Góðvina

---

## Hvar eru þau í dag?



- **Staða:** Áhættustjóri GAMMA Capital Management.
- **Nám við HA:** Viðskiptafræði með áherslu á stjórnun og fjármál.
- **Útskriftarárgangur:** 2018.
- **Hvernig var tíminn þinn við HA í minningunni?** Tíminn við HA var mjög dýrmætur tími. Þar kynntist ég frábæru fólki og öðlaðist mikla reynslu og þekkingu úr náminu sem hefur reynst mér vel jafnt í framhaldsnámi sem og starfi mínu í dag.


## TELMA EIÐSDÓTTIR



- **Staða:** Útskrifuð úr meistaranámi í Mannauðsstjórnun og vinnusálfræði við HR. Ég er í fæðingarorlofi eins og er.
- **Nám við HA:** Sálfræði.
- **Útskriftarárgangur:** 2018.
- **Hvernig var tíminn þinn við HA í minningunni?** Virkilega góður tími, krefjandi og stútfullur af allskonar skemmtilegum verkefnum og góðu félagslífi.


# Lykiltölur

## Heildarfjöldi stúdenta eftir fræðasviðum HA




Háskólinn á Akureyri

## Heildarfjöldi starfsfólks HA



Háskólinn á Akureyri

## Nemendur eftir landshlutum



GÓÐVINIR  
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Góðvinir Háskólans á Akureyri eru samtök stúdenta sem brautskráðir eru frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara háskólans.

Öllum býðst að ganga í félagið og fyrirtækjum og stofnunum býðst fyrirtækjaaðild. Greiðsluseðlar eru sendir út einu sinni á ári og kostar einstaklingsaðild 2.900 kr. á meðan fyrirtækjaaðild er 25.000 kr. (reikningur verður sendur).

Nánari upplýsingar veitir starfsmaður Góðvina, Katrín Árnadóttir ([katrinarna@unak.is](mailto:katrinarna@unak.is))

Öllum áhugasömum um að gerast Góðvinir er bent á að skrá sig með þar til ætluðu skráningareyðublaði á [vefsíðu Góðvina](#)

**Smelltu hér til þess að gerast Góðvinur Háskólans á Akureyri**

#### Hafðu samband

Hafðu samband við okkur með því að senda póst á [unak@unak.is](mailto:unak@unak.is), ekki með því að svara þessum pósti.

#### Háskólinn á Akureyri

Norðurslóð 2, 600 Akureyri

#### Afskráning?

Smelltu hér til að uppfæra stillingarnar þínar eða afskrá þig

